

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands

Miðvikudagur 8. nóv 2023 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 og Microsoft Teams, fjarfundur.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Bergur Jónsson (BJ), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP) Ingólfur Elíasson (IE) Hilmar Leifsson (HL) Viðar Garðarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Á Teams: Olgeir Olgeirsson (OO) Sigrún Agata (SA)

Fjarverandi: Arnar Sveinsson

Dagskrá:

Fundurinn er hefðbundin stjórnarfundur en þó hugsaður m.a. til að setja nýjan framkvæmdastjóra inn í starfsemina.

Tekið fyrir erindi frá Söru Smiley varðandi aðkomu IHI að veðlaunum fyrir U14 mótarið.

Framkvæmdastjóra og formanni falið að kanna möguleika og kostnað. Koma með tillögur til stjórnar um mögulegar leiðir.

HP bar upp erindi frá Skautafélagi Reykjavíkur um að stjórn ÍHÍ veiti félaginu undanþágu fyrir félagaskipti Satu Niinimäki yfir í kvennalið SR á grundvelli 10. greinar a) liðs reglugerðar nr. 9 um félagaskipti. Leikmaðurinn hefur ekki spilað keppnishökkí síðan tímabilið 2017-2018. Hún er 40 ára en myndi koma með mikla reynslu og þekkingu inn í íslenskt íshökkí.

Stjórn ÍHÍ ákvað að fresta afgreiðslu til næsta fundar þannig að stjórnarmenn hefðu ráðrúm til þess að skoða málið betur.

HP greindi frá þeirri vinnu sem farið hefur fram í því skyni ýta á sveitarfélögin í kringum Reykjavík, mikilvægt að halda þessari vinnu áfram.

Nýtt skautasvell, Fundur með Hafnarfjarðarbæ á næstunni, Mögulegur fundur með Reykjanesbæ í framhaldi, halda áfram samstarfi með Skautasambandinu og Krullu-nefnd ÍSÍ. Mannvirkjanefnd ÍHÍ er til, í skoðun að setja upp mögulegt gervisvell á austurlandi o.s.frv.

Styrkjамál ÍHÍ

Ljóst er að sambandið þarf að efla fjárhag sinn. Ef halda á úti sambærilegu starfi og verið hefur síðustu ár. Nýr framkvæmdastjóri kynnti þrjár leiðir sem hann taldi færar með nokkuð stuttum fyrirvara.

1 Safna í íshökkí fjölskylduna 10 aðilum sem hver greiðir 50 þúsund krónur á mánuði. Þessir aðilar yrðu á skillti í öllum höllum landsins og öll viðtöl í tengslum við ÍHÍ yrðu fyrir framan viðkomandi skillti.

2 Loka streymis rásum ÍHÍ og selja aðgang. Þetta þarf að skoða í samhengi við að streyma frá öllum leikjum í öllum aldursflokkum. Taka upp gerfigreindar myndavélar. Sérstaklega til streymis í yngri aldursflokkum.

3 setja upp bakvarðakerfi sem gefur aðilum tækifæri að styðja við starfið með mánaðarlegu framlagi.

Upplýsingatæknimál

Formaður upplýsti að fljótlega færi í gang vinna við að lagfæra aðgangsmál í kringum Hydra kerfið þar sem hver klúbbur fengi sinn aðgang og bæri ábyrgð á sínu heimasvæði. Í kjölfar á því yrði farið í tiltekt á gögnum.

ÍHÍ heldur utanum og rekur nokkra vefi tengda íshokki

Ihi.is - sem er hinn formlegi vefur Íshokkisambandsins.

Ishokki.is – sem er fréttavefur Íshokkisambandsins.

Urslit.ihis.is – sem er úrslitapjónusta íshokkisambandsins.

Shop.ihis.is – sem er verslun íshokkisambandsins.

Domari.is – sem er ekki komin enn í loftið en er hugsaður sem kennsluvefur fyrir reglur og dómgæslu.

Verið er að vinna í tengingum á milli þessara vefsvæða.

Streymismál.

Formaður og framkvæmdastjóri hafa verið að kynna sér þá möguleika sem í boði eru fyrir streymisþjónustur og hafa í þeim tilgangi rætt við aðila eins og Símann, Sportway, OZ Smart Arena, ibeinni.is, Brotkast ofl. Þessi vinnsla er í gangi og markmiðið er að setja fram möguleika til umræðu innan stjórnar.

Koma tveggja erlendra liða í september 2024

Tvö lið úr bresku atvinnudeildinni, Elite Hockey League, Cardiff Devils og Manchester Storm hafa lýst áhuga sínum á að heimsækja Ísland og taka þátt í að kynna íþróttina. Í þessu geta falist skemmtilegir möguleikar fyrir IHI en stjórnin er sammála um að verkefnið verður að vera fjárhagslega tryggt þannig að áhætta ÍHÍ verði engin. Formaður og Hilmar eru að skoða málið.